

undirrettinum ex officio fyrir ósæmilegan rithátt, og verður því krafa áfrýjanda hjer að lútandi eigi tekin til greina.

Því dæmist rjett að vera

Stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, á að greiða 100 króna sekt, er renni í landssjóð, en sæti 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í ákveðinn tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann, bókavörð Eirík Magnússon, eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 40 krónur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júnímánaðar.

Nr. 11/1892:

E. Egilsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð f. h.

fjelagsins »Reykvíkingur«.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum E. Egilsson í Görðunum við Reykjavík, gegn stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, til þess að fá nefndan kaupmann dæmdan til sem formann fjelags nokkurs, er nefnir sig »Reykvíkingur,« að greiða áfrýjandanum 100 kr. eptirstöðvar af mánaðarstyrk, er fjelagið hafði undirgengizt að greiða áfrýjandanum fyrir útgáfu, ritstjórn og ábyrgð á blaðinu Reykvíkingur frá

1. maí f. á. til 1. febr. p. á. Málið var dæmt á bæj-
arþingi Reykjavíkur 24. marz p. á., og var stefndi fyr-
ir hönd tjeðs fjelags sýknaður í málinu af kröfum á-
frýjandans og málskostnaður látinn falla niður.

E. Egilsson hefur nú með stefnu, dags. 26. marz
p. á. áfrýjað málinu til yfirdómsins, og krafizt þess, að
stefndi verði fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur dæmd-
ur til að greiða sjer 100 kr. með 5% vöxtum frá sátta-
kærudegi til borgunardags og hæflegan málskostnað fyr-
ir báðum rjettum eptir rjettarins mati. Stefndi hefur
eigi mætt nje mæta látið, hvorki fyrir undir- nje yfir-
rjetti.

Eptir upplýsingum þeim, er fram hafa komið í mál-
inu frá hálfu áfrýjandans, sjerstaklega útskript úr funda-
bók fjelagsins Reykvíkingur, var það ákveðið á stofnun-
arfundi fjelags þessa, 24. maímán. f. á., að fjelagið
skyldi halda úti blaði með sama nafni og fjelagið, og
var áfrýjandinn kosinn ritstjóri, útgefandi og ábyrgðar-
maður bladsins, og tók hann að sjer að kosta það að
öllu leyti, einnig útsending þess, en hann skyldi aptur
á móti hafa allar tekjur þess og 20 kr. styrk mán-
aðarlega, sem fjelagið ábyrgist honum borgað, strax
eptir að hvert tölublað er komið út, og greiðir gjald-
keri honum það eptir ávísun formanns, en Egilsson
kvittar fyrir í hvert sinn. Þessi samningur skyldi
standa frá 1. maí f. á. til 1. febr. p. á. Áfrýjandinn
kveðst nú hafa fengið þennan 20 kr. mánaðarstyrk
borgaðan 4 fyrstu mánuðina, eða til 1. sept. f. á., en
síðan hafi hann ekkert fengið, þrátt fyrir ítrekaðar til-
raunir sínar, og standi því eptir 100 kr. af hinum lof-
aða styrk.

Eins og áður hefur verið tekið fram, átti eptir

fundabók fjelagsins »Reykvíkingur« hinn umræddi styrkur að greiðast »af gjaldkera eptir ávísun formanns«, en af þessu leiðir, að formaðurinn (hinn stefndi), sem eigi hefur látið mæta nje mætt í málinu, hvorki í hjeradi nje fyrir yfirdómi, verður ekki samkvæmt kröfu áfrýjanda skyldaður til þess að greiða *sjálfur* af hendi hina umstefndu upphæð fyrir hönd fjelagsins. Það þarf því ekki að rannsaka það frekar, hvort áfrýjandinn hefur að öðru leyti rjett til hinna umstefndu 100 kr., og ber því að sýkna hinn stefnda fyrir kröfu áfrýjandans í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a d v e r a :

Hinn stefndi, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, á að vera sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans, E. Egilsson, í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 7/1892:

Eyjólfur Jónsson

gegn

sýslumanni Franz Siemsen sem skiptaráðanda í búi Eyjólfssonar og Ingibjargar Þórarinsdóttur og hreppnefndinni í Garðahreppi.

D ó m u r :

Með stefnu dags. 17. marz p. á. hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi áfrýjað til landsyfirdómsins 2 úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp af skiptarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu í búi hans og látinnar konu hans Ingibjargar Þórarinsdóttur 28. janú-